



## Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 24.6.2020

# Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

24.júní 2020, haldinn á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 15:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Lárus Ármannsson, Sveinn Daníel Sigurðsson, Ingólfur Bragi Arason og Ingólfur Daði Jónsson.

Einnig sátu fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri, er ritaði fundargerð, Sigurður Jónsson byggingafulltrúi og Gunnar Ágústsson skipulagsráðgjafi í gegnum fjarfundarbúnað.

### Dagskrá:

#### 1. Niðurstaða grenndarkynningar – Skálanesgata 8b – 8i

Niðurstaða grenndarkynningar kynnt. Fyrir liggur samþykki frá öllum húsum í grenndarkynningunni fyrir utan Skálanesgötu 8a. Skipulags- og umhverfisnefnd lítur svo á að þegar fyrir liggur skriflegt samþykki frá eigendum Skálanesgötu 8a þá sé grenndarkynningu lokið og samþykkir nefndin erindi sveitarstjóra um byggingarleyfi fyrir sitt leiti. Samþykkt með fimm atkvæðum meirihlutans. Einn situr hjá.

#### 1. Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna veiðihúss í Ytri-Hlíð

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði auglýst og kynnt. Samþykkt samhljóða

#### 1. Umsókn um stofnun lands – Ytri-hlíð 3

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

#### 1. Ytri-hlíð – ósk um vegslóða

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún heimili byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir vegslóðanum að viðhöfðu samráði við Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands. Samþykkt samhljóða.

#### 1. Lýsing fyrir breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis hafnar vegna niðurrifs

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði auglýst og kynnt. Samþykkt með fimm atkvæðum meirihlutans. Sigríður Elva Konráðsdóttir situr hjá.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 15:54.